

REGLUGERÐ

um gjaldtöku embættis landlæknis vegna afgreiðslu umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi heilbrigðisstarfsmanna.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldtaka er heimil af hálfu embættis landlæknis fyrir mat umsagnaraðila á umsókn um starfsleyfi sérfræðileyfi þegar reglugerð um skilyrði til að hljóta starfsleyfi í viðkomandi heilbrigðisstétt heimilar eða gerir k um að umsagnar sé aflað.

2. gr.

Umsagnargjald.

Gjald fyrir umsögn vegna mats á umsókn um starfsleyfi á grundvelli náms á framhaldsskólastigi skal vera 54 krónur.

Gjald fyrir umsögn vegna mats á umsókn um starfsleyfi á grundvelli náms á háskólastigi skal vera 73.600 kró

Gjald fyrir umsögn vegna mats á umsókn um sérfræðileyfi skal vera 73.600 krónur.

3. gr.

Önnur gjöld.

Um gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfa og sérfræðileyfa samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn fer skv. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Heimilt er að innheimta gjald vegna hæfniprófs, enda sé hæfnipróf undirbúið og framkvæmt að beiðni embættis landlæknis vegna umsóknar um starfsleyfi eða sérfræðileyfi. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði undirbúning og framkvæmd hæfniprófs. Um gjaldtöku vegna prófa í faglegri þekkingu og færni fer samkvæmt 24 laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, eða samkvæmt 45. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, og lögum viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi, nr. 26/2010, öðlast þegar gildi. Á sama tíma fi brott gjaldskrá fyrir mat umsóknar um heimild heilbrigðisstarfsmanns til að gegna starfi hér á landi, nr. 257/2014 reglugerð um gjaldtöku vegna umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi heilbrigðisstarfsmanna, nr. 951/2012.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um umsóknir sem berast embætti landlæknis ásamt öllum nauðsynlegum fylgigögnum innan þriggja mánaða gildistöku reglugerðar þessarar fer samkvæmt eldri gjaldskrá og reglugerð sem vísað er til í ákvæði 4. gr.

Heilbrigðisráðuneytinu, 28. mars 2025.

Alma D. Möller.

Ásthildur Knútsdóttir.